

2022-  
2023

# ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.  
2022-2023

## Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2022 – 2023 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda þann 28. október 2022 og 27. október 2023.

## Skipan stjórnar

Í stjórn á starfstímabilinu voru:

Aðalmenn: Anton Kári Halldórsson, formaður, Bragi Bjarnason, varaformaður, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, ritari, Ása Valdís Árnadóttir og Fjóla St. Kristinsdóttir.

Varamenn: Eggert Valur Guðmundsson, Haraldur Þór Jónsson, Sveinn Ægir Birgisson, Helga Lind Pálsdóttir og Ingibjörg Kjartansdóttir.

Á tímabilinu hélt stjórn sjö formlega fundi auk félagsfundar þann 4. janúar sl.

## Verkefni stjórnar

### Aðgerðir vegna móttöku á úrgangi

Hlutverk SOS hefur tekið talsverðum breytingum á undanförunum árum þar sem að SOS hefur ekki haft með höndum að tryggja farvegi úrgangs frá aðildarsveitarfélögum nema að litlu leyti.

Lausnir um afsetningu á úrgangi aðildarsveitarfélaga SOS hafa þróast þannig að sveitarfélögin hafa gert samninga við sín hirðingarfyrtæki um afsetningu á þeim úrgangi sem þau gætu unnið úr en SOS einbeitti sér hins vegar að leysa einstök vandamál varðandi ákveðna úrgangsflokka. Þeir flokkar hafa helst verið dýraleifar og úrgangur úr fitugildrum. Endanlegar lausnir liggja þó enn ekki fyrir en unnið er að lausnum og spilar Orkugerðin, sem SOS á hlut í, þar stórt hlutverk.

Hirðingaraðilarnir Terra og Íslenska gámafélagið (ÍGF) hafa báðir farið þá leið að einblína á útflutning sorps til orkuvinnslu. Vaxandi eftirspurn erlendis frá eftir brennanlegum úrgangi hefur vaxið mikið að undanförunu og engar hindranir fyrirsjáanlegar varðandi útflutning. Þessar aðferðir hafa gengið vel en ljóst að kostnaður við afsetninguna er drjúgur og íþyngjandi fyrir rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögunum og fer trúlega vaxandi með árunum. Einnig má geta þess að á árinu samdi SORPA við sænskan aðila um móttöku brennanlegs úrgangs til orkuframleiðslu.

### Úrvinnsla á tillögum í úrgangsmálum á starfssvæði SOS - Magntölur

Stjórn SOS endurnýjaði ekki samning við Stefán Gíslason umhverfisstjórnarfræðing hjá UMÍS ehf. Environce á starfsárinu. Elísabet Björney Lárusdóttir starfsmaður SASS tók við

hluta af verkefnum Stefáns varðandi samantekt og að halda utan um úrgangsmagn ólíkra úrgangsflokka á starfssvæðinu og liggja þau gögn fyrir aðalfundi SOS 2023.

### **Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi**

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi hefur haldið sjö fundi á tímabilinu sem fulltrúar SOS, formaður og varaformaður hafa setið, ýmist stað- eða fjarfundir.

Skrifað var formlega undir svæðisáætlun sorpsamlaganna þann 14. desember 2022. Talsverð vinna hefur verið lögð í að undirbúa sameiginlega kynningu áætlunarinnar ásamt aðgerðum henni tengdri. Sú kynning hefur enn ekki farið fram en verður vonandi gerð á næstu misserum. Stjórn SOS hefur nú þegar unnið sinn þátt í kynningargögnum varðandi þær aðgerðir sem svæðisáætlun leggur til og eru þær í átta liðum, Samræming söfnunarkerfa, Áframhaldandi rekstur Orkugerðarinnar, Uppbygging og rekstur brennslustöðvar fyrir dýraleifar, Fræðsla um mikilvægi endurvinnslu á heyrúlluplasti, Aðskilin sérsöfnun pappa og pappírs – plasts, Fræðsla um mikilvægi endurvinnslu plastumbúða, Samstarf um endurnotkun og endurvinnslu glerumbúða og Vöktun þróunar vegna endurvinnslu lífúrgangs. Ljóst er að nú þegar hefur áunnist talsvert hjá aðildarsveitarfélögum SOS í þeim aðgerðum sem svæðisáætlun leggur til.

Á öllum fundum samráðsnefndar var til umfjöllunar málefni brennslustöðva til orkuvinnslu. Talsverð vinna hefur átt sér stað og er málið í ágætum farvegi en engar niðurstöður liggja fyrir enn sem komið er. Um er að ræða umfangsmikið og talsvert flókið verkefni en vonir standa til þess vinnan skili árangri áður en langt um liður.

Samtal og samvinna sorpsamlaganna hefur aukist á tímabilinu og er það skýr vilji stjórnar að halda því áfram. Vettvangurinn er stór en ljóst er að aukið samstarf á komandi tímum mun einungis verða til góðs. Öll samlögin leggja metnað sinn í að finna farsæla leið fyrir úrgangstrauma til hagsbóta fyrir alla aðila.

### **Leit að urðunarstað á Suðurlandi**

Ekki hefur farið fram frekari vinna við leit að urðunarstað á Suðurlandi en í fyrri vinnu voru Kirkjuferjuháleiga, Strönd og Skógarsandur álitin svæði sem gætu nýst í framtíðinni fyrir efnislosun, vinnslu eða geymslu á úrgangi. Ekki hefur verið unnið mikið með þessi mál í bili nema lítillega getið við gerð svæðisáætlunar en það er skoðun stjórnar SOS að það séu mikil verðmæti að eiga þessa valkosti í stöðunni.

### **Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu**

Í gildi er samningur við EFLU um mælingar og vöktun á urðunarsvæðinu í Kirkjuferjuháleigu þannig að opinberum kröfum Umhverfisstofnunar vegna lokunarinnar sé sinnt. Hafa niðurstöður mælinga sýnt að þær mæta kröfum stofnunarinnar. Almennt lítur svæðið mjög vel út og er SOS til sóma en það mun kosta SOS talsverða fjármuni á hverju ári að viðhalda svæðinu og uppfylla kröfur í samræmi við samþykktu lokunar- og eftir atvikum úrbótaáætlun svæðisins

SOS hefur viðhaldið starfsleyfi svæðisins en áfram er óvissa um það hvernig landsvæðið verður nýtt. Eins og áður hefur verið sagt þá er áhugi á að það nýtist í einhverjum mæli í tengslum við úrgangsmál og einnig hafa komið upp aðrar hugmyndir um nýtingu svæðisins sem æskilegt er að halda áfram að vinna með.

Í apríl 2023 barst stjórn SOS erindi frá Húnaþingi Vestra varðandi beiðni um urðun á riðusmituðu fé. Umhverfisstofnun hafði bent á Kirkjuferjuháleigu sem hentugan stað til urðunarinnar. Stjórn SOS hafnaði þeirri beiðni, að vandlega athuguðu máli, þar sem að urðunarstaðurinn að Kirkjuferjuháleigu er í lokunarferli og einnig taldi stjórn talsverða áhættu af meðhöndlun og urðun slíks úrgangs á starfssvæðinu.

### **Orkugerðin ehf.**

Á hluthafafundi Orkugerðarinnar þann 25. nóvember 2022 var samþykkt aukning hlutafés vegna áætlaðra fjárfestinga í stækkun húsnæðis og kaupum á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn vinnslu og afurða. Starfsemi Orkugerðarinnar býður upp á mikil tækifæri fyrir aðildarsveitarfélög SOS í ráðstöfun og úrvinnslu lífræns úrgangs. Sorpstöð Suðurlands fer með 34,1% eignarhlut í Orkugerðinni og er þar með stærsti hluthafinn í félaginu. Sú lausn sem Orkugerðin býður upp á er framúrskarandi og er hluti af svokölluðu hringrásarhagkerfi og er mikilvægur hluti af umhverfisstefnu fyrirtækja sem meðhöndla slíkan úrgang. Orkugerðin framleiðir kjötmjöl og fitu sem eru verðmætar afurðir sem aukin eftirspurn er eftir.

Til að mæta fyrir séðri þörf fékk Orkugerðin stækkun á starfsleyfi upp í 14 þúsund tonn á ári sem annar rúmlega því magni sem talið er að falli til á Suður- og Suðvesturlandi. Áætlaður kostnaður við kaup á nýjum búnaði og breytingar á húsnæði til að tvöfalda afköst var um 265 milljónir króna. Hluti breytinganna felur í sér tæki með betri orkunýtingu og fullkomnari lyktareyðingarbúnaði ásamt því að fyrirhugað er að útbúa varmaendurvinnslu sem gefur þá Orkugerðinni möguleika á að selja frá sér mikið af heitu vatni.

Þann 4. janúar sl. var haldinn félagsfundur SOS. Eina mál fundarins var tillaga um kaup vegna aukningar hlutafjár í félaginu. Borin var upp tillaga um að aðildarsveitarfélög samþykktu kaup á hlut í Orkugerðinni ehf. fyrir 24.552.000 kr. en það var sú fjárhæð sem til þurfti til þess að viðhalda eignarhlut SOS í hlutfalli við aðra eigendur Orkugerðarinnar. Var tillagan samþykkt með átta greiddum atkvæðum.

Framkvæmdir við stækkun stöðvarinnar hafa staðið yfir á árinu og eru langt á veg komnar. Einnig hafa átt sér stað viðræður við Orkugerðina varðandi frekari uppbyggingu stöðvarinnar til að geta tekið á móti dýraleifum í CAT 1 áhættuflokki og úrgangi úr fituskiljum. Ekki liggur fyrir niðurstaða varðandi þá þætti. Ljóst er að mikil tækifæri felast í rekstri Orkugerðarinnar og uppbyggingu til framtíðar.

### **Samningar SOS og SASS**

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna að ákveðnum verkefnum sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að á meðan starfssemi SOS

er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Hefur þetta hjálpað stjórn SOS mikið í sinni vinnu.

### **Brennsluofn á Stönd**

Sorpstöð Rangárvallasýslu og SOS hafa verið í samvinnu um að koma upp brennsluofni fyrir dýrahæ á Strönd. Fyrirhugað var að gerður yrði samstarfssamningur og SOS myndi fjármagna verkefnið til helminga sem síðan yrði endurgreitt með tekjum verkefnisins. Verkið hefur tafist af ýmsum orsökum en við hönnun og útfærslu er ljóst að verkefnið er kostnaðarsamara en í upphafi var áætlað. Einnig hefur hægt á þeirri vinnu í ljósi þess að Orkugerðin hefur sýnt því áhuga að byggja upp sína starfsemi til að sinna þessum úrgangsflokki.

### **Lokaorð**

Úrgangsmál sveitarfélaga eru og verða um ókomna tíð eitt af stóru verkefnum hvers sveitarfélags. Vissulega hefur tilgangur SOS breyst í tímans rás, en byggðasamlagið hefur verið duglegt að fjárfesta til framtíðar til að leita lausna og einnig til að bregðast við aðkallandi aðstæðum og lagt í það verkefni bæði fjármuni og metnað.

Helstu verkefni á næstunni eru að halda áfram að vinna að úrvinnsluúrræðum vegna úrgangs frá starfssvæði SOS. Er það helst að nefna sérlausnir t.d. vegna móttöku úrgangs úr fituskiljum og dýrahraejum. Samhliða þessi verður SOS þátttakandi í vinnu samstarfshóps sorpsamlaga á suð-vesturlandi við m.a. áframhaldandi vinnu við greiningu á því að koma upp hátæknibrennslustöð fyrir úrgang á Íslandi.

Sorpmál eru og verða hvað mest spennandi mál hvers sveitarfélags í framtíðinni. Stöndum saman og höldum áfram að vera til fyrirmyndar.

F.h. stjórnar SOS

Anton Kári Halldórsson